



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samráð við starfsfólk og foreldra vegna framkvæmda við Gullborg***

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

*Lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði að framkvæmdum og endurbótum við leikskólann Gullborg í samráði við fulltrúa starfsfólks og foreldra. Þá er jafnframt lagt til að foreldrar barna við leikskólann verði upplýstir hið fyrsta um verkáætlanir og tímasetningar á framkvæmdum.*

Leikskólastjóri er í góðum samskiptum við verkefnastjóra frá umhverfis – og skipulagssviði ásamt tengilið frá fagskrifstofu leikskólamála á skóla- og frístundasviði. Leikskólastjóri upplýsir allt starfsfólk jafnóðum og upplýsingar berast sem lúta að framkvæmdum ásamt því að upplýsa foreldraráð og foreldrafélag. Upplýsingar fara frá leikskólastjóra í tölvupósti til foreldra um framvindu verkefnisins.